

Puríður Jónsdóttir Stefánsdóttir

Fædd 10. júlí 1863. Dáin 28. maí 1925.



Hún sagði ekki margt er eg sá hana fyrst, — en seint mun eg stund þeirri gleyma — Hún hafði, sem aðrir, í erlendri vist með íslensku þolgæði langdvölum gíst; en sálin og hjartað var heima, og hugljúft var þangað að dreyma.

Hvað vaxandi ljóstrúin létti henni braut, því lýsir ei tunga né penni; eg sá hana í gleði, eg þekti hana í þraut, með þolgæðin söm, hvað sem féll henni í skaut, og hugvarmi streymdi frá henni, en heiðbjarmi ljómaði um enni.

Og dóttirin litla — hún lítill var þá — hún lék sér við markaða kosti; það engum var gefið að geta eða spá um götuna sem fyrir mæðgunum lá; en síðar í sólskini og frosti til sigurs hver annari brosti.

Eg kannaðist við þessa sólþjórtu sál, — því systkinin þekti eg heima — frá augunum leiftraði lifandi mál er lýsingar teygjaði hún handan um ál, þeim erfitt er ættjörð að gleyma, sem andlegu myndirnar geyma.

Í sorgum og gleði af mæðgunum mynd eg málaði skýrt — ef eg kynni — og birti sem varnir mót bóli og synd og benti þar öllum á himneska lind, sem líkandi og læknaði rynni og lifandi kraftaverk ynni.

Hún sagði ekki margt er eg sá hana hinst; — en seint mun eg stund þeirri gleyma — hún kvaddi mig róleg, mér fanst og mér finst að fylkingin hefði svo grátlega þynst, því fár er sá hér eða heima sem heiðskírna þorir að dreyma.

Sig. Júl. Jóhannesson.



Það hefir dregist lengur en skyldi að minnast þessarar merku konu; skal það nú gert með örfáum orðum.

Hún var fædd á Gautlönndum 10. júlí árið 1863. Faðir hennar var Jón Sigurðsson, sem öllum Íslendingum er kunnur, en móðir Solveig Jónsdóttir prests Þorsteinssonar, sem einnig var þjóðkunnur maður.

Puríður sál. Ólst upp hjá foreldrum sínum, en dvaldi síðan hjá Kristjání bróður sínum. Þá var hún einnig um stund í Kaupmannahöfn og naut góðrar mentunar bæði þar og heima.

Systkini hennar, þau sem eg man eftir, voru þessi: Kristján dómsmálastjóri í Reykjavík, og fyrrverandi forsætisráðherra Íslands, einn hinna mætustu manna sem embætti hafa skipað á ættjörðu vorri; Steingrímur bæjarfógeti og sýslumaður; Pétur alþingismaður; Sigurður verzlunarmaður á Seyðisfirði; Jón bóndi á Heðinshöfða; Þorlákur

(druknandi á aðfangadag jóla árið 1897); Kristjana, sem var gift Helga Sveinssyni bankastjóra; Rebekka gift séra Guðmundi frá Guðfala og Sigríður gift Sigtrygg O. Bjerring í Winnipeg.

Árið 1895 giftist Puríður Helga Stefánsyni, bróður Jóns skálds Stefánssonar (Þorgils gjallanda). Bjuggu þau fyrst nálægt Mountain í Norður Dakota, en árið 1905 fluttu þau til Wynyard í Saskatchewan og námu þar land.

Þau hjón eignuðust eina dóttur barna er Sigurbjörg heitir og er kennari við miðskóla á Gimli.

Mann sinn misti Puríður árið 1916; var þá dóttir hennar á mentavegi og hélt áfram þangað til hún útskrifaðist sem B.A. og var jafnan meðal hinna allra fremstu við nám. Hefir hún síðan stundað kenslu við miðskóla Manitoba fylkis.

Ílla færi á því að rita langt mál og tilgerðarlegt eftir þessa konu. Hún var sjálf blátt áfram og yfirlætislaus.

Þó væri rangt að ljúka línum þessum án þess að minnast á eitt atriði; það er hið einkennilega nána samband og hin dæmefala samúð sem ríkti milli hennar dáu og dóttur hennar.

Sérstaklega ber að minnast á þetta fyrir þá sök, að núverandi tíðarandi virðist víða stefna að því að skapa allmikið djúp milli æsku og elli — milli barna og foreldra.

Puríður lagði fram alla sína krafta til þess að dóttir hennar gæti notið sín á vegum mentunarinnar, og vildi alt á sig leggja hennar vegna. Nú eru minningarnar um fórnfyri hennar dýrasta eign dóttur hennar, og ljúft er henni að minnast hverrar samverustundar.

Puríður var einstaklega tíguleg og vel gefin kona, eins og hún átti kyn til. Allar lífsskoðanir hennar voru bjartar, hlýjar og sterkar — hún var sannur Íslendingur.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Trúarjátningar nokkurra rithöfundar.

Af öllum deilum eru trúmáladeilurnar líklega gagnslausast. Þess munu varla finnast dæmi, að nokkur maður hafi breytt trúarskoðunum sínum hið allra minsta vegna þess að á hann hafi verið ráðist með skömmum; og venjulega útkoman, þegar illyrða-moldviðirinu í trúmáladeilunum lýkur, er sú, að hver situr sem fastast við sinn keip. Þó er eins og mörgum gangi illa að skilja þetta, og geta þeir naumast á trúmálminst án þess að verða reiðir við einhverja, sem hafa aðrar skoðanir en þeir sjálfir. Þrátt fyrir trúfrelsi og umburðarlyndi í orði kvæðnu, er mjög mikið til af illvilja, ófund og gekkar meðal okkar Vestur-Íslendinga þess að ræða trúmál frá öðrum hlögulegt, þegar vissir flokkar fara að skoða sig sem útvalinn lýð og

þykjast upp yfir aðra hafnir, en fátt er auðveldara bæði fyrir einstaklinga og flokka en það, að telja sér trú um, að þeir séu ekki eins og aðrir menn.

Nú er þó hvergi meiri þörf á stillingu og rólegri yfirvegun heldur en einmitt í trúmálunum, því í fáum málum er skoðanamunurinn og óvissan meiri en í þeim. Að visu er það satt, að til eru margir, sem kannast ekki við, að þar sé um neina óvissu að ræða — þeir halda að sannleikurinn sé allur fundinn og að við hann verði engu bætt; en þeim fer þó stöðugt fjölgandi, sem kannast við, að flestar arftekur trúarhugmyndir þurfi að minsta kosti nýrra útskýringa og að margar þeirra séu úreitar.

Mjög fáir tilraunir hafa verið gerðar meðal okkar Vestur-Íslendinga til þess að ræða trúmál frá öðrum hlögulegt, þegar vissir flokkar fara að skoða sig sem útvalinn lýð og

þykjast upp yfir aðra hafnir, en fátt er auðveldara bæði fyrir einstaklinga og flokka en það, að telja sér trú um, að þeir séu ekki eins og aðrir menn. Nú er þó hvergi meiri þörf á stillingu og rólegri yfirvegun heldur en einmitt í trúmálunum, því í fáum málum er skoðanamunurinn og óvissan meiri en í þeim. Að visu er það satt, að til eru margir, sem kannast ekki við, að þar sé um neina óvissu að ræða — þeir halda að sannleikurinn sé allur fundinn og að við hann verði engu bætt; en þeim fer þó stöðugt fjölgandi, sem kannast við, að flestar arftekur trúarhugmyndir þurfi að minsta kosti nýrra útskýringa og að margar þeirra séu úreitar. Mjög fáir tilraunir hafa verið gerðar meðal okkar Vestur-Íslendinga til þess að ræða trúmál frá öðrum hlögulegt, þegar vissir flokkar fara að skoða sig sem útvalinn lýð og

þykjast upp yfir aðra hafnir, en fátt er auðveldara bæði fyrir einstaklinga og flokka en það, að telja sér trú um, að þeir séu ekki eins og aðrir menn. Nú er þó hvergi meiri þörf á stillingu og rólegri yfirvegun heldur en einmitt í trúmálunum, því í fáum málum er skoðanamunurinn og óvissan meiri en í þeim. Að visu er það satt, að til eru margir, sem kannast ekki við, að þar sé um neina óvissu að ræða — þeir halda að sannleikurinn sé allur fundinn og að við hann verði engu bætt; en þeim fer þó stöðugt fjölgandi, sem kannast við, að flestar arftekur trúarhugmyndir þurfi að minsta kosti nýrra útskýringa og að margar þeirra séu úreitar. Mjög fáir tilraunir hafa verið gerðar meðal okkar Vestur-Íslendinga til þess að ræða trúmál frá öðrum hlögulegt, þegar vissir flokkar fara að skoða sig sem útvalinn lýð og

venjulega settar fram í stuttu máli; en þær eru merkilegar að því leyti, að þær sýna, hvað þessir menn hugsa, og það er ávalt eftirtektavert, hvað menn, sem skara fram úr á einhverjum sviðum, hugsa um trúmál.

Bláð eitt í Lundinum á Englandi, *The Daily Express*, gerði merkilega tilraun í þessa átt nýlega. Bláðið sendi fyrirspurnir til nokkurra velþektra rithöfunda á Englandi viðvíkjandi trú þeirra sjálfrá — voru þeir beðnir að gera einhverskonar grein fyrir trúarskoðunum sínum. Höfundarnir, sem fyrirspurnirnar voru sendar til, voru þessir: Arnold Bennett, Hugh Walpole, Rebecca West, Sir Arthur Conan Doyle, E. Phillips Oppenheim, Compton MacKenzie, J. D. Beresford, H. de Vere Stackpoole, Israel Zangwill og Henry Arthur James. Allir þessir rithöfundar eru skáldsagnahöfundar og hafa náð frægð fyrir sögur sínar; sumir eru enda heimsfrægir, og kannast vist flestir við nöfn þeirra.

Eins og nærri má geta, voru svörin, sem rithöfundarnir sendu, allólik, en samt má finna þó nokkra líkingu með sumum þeirra. Hér skulu í fám orðum birt helstu atriðin úr svörum.

Arnold Bennett, sem óneitanlega mun vera einn af gáfufstu núlifandi rithöfundum á Englandi, segir: "Af öllum Austurlanda trúarjátningum, sem eg þekki til, er kristna trúarjátningin óægðilegust, að trúarjátningu Múhamedstrúarmanna fráskilinni. (Það má ekki gleymast, að kristna trúarjátningin er austurlensk. Hver einasta austurlensk trúarjátning í Norðurálfunni hefir dáið út.) En að hinu leytnu hafa siðferðiskenningar Krists mjög sterkt hald á mér; og eg myndi ekki vilja neita því, að Kristur hafi, á sviði siðferðilegra kenninga, verið mesti maður, sem nokkurn tíma hefir uppi verið."

Bennett segir ennfremur, að í öllum trúarbrögðum sé gert ráð fyrir, að til sé líf eftir dauðann, og að breytni manna í þessu lífi hafi áhrif á ástandið hinumegin grafar, til íls eða göðs. En engin ódauðleikakenning, segir hann, að hafi nokkurntíma haft nógu mikil áhrif á sig, til þess að hann sannfærðist um sannleiksgildi hennar.

Hugh Walpole, sem átti að verða prestur, segir, að "andlegt líf" (spiritual life) sé svo óákveðið orðatiltekið, að hann vilji helst ekki nota það. Hann segir, að sig hafi raunar grunað, að um eitthvað langtum þýðingameira en "líkamlegt líf" væri að ræða í æfiferli hvers einstaks manns; en ekki segist hann geta sagt neitt um það með vissu. Hann segist hafa þekkt marga, sem séu hárvissir um ódauðleika sálarinnar, og líka marga, sem telji það fjarstaðu að ætla, að nokkurt líf sé til nema hið líkamlega. "Þegar heimsófririnn hafði staðið tvö ár," segir hann, "fékk eg meðvitund um að einhverskonar annað líf en hið líkamlega væri til." Og þessi meðvitund, segir hann, að hafi komið yfir sig ósjálfrátt og án þess að hann hafi æst þess eða gert nokk uð til þess að eignast hana.

Ungfrú West heldur því fram, að kristindóminn beri ekki að skoða sem fullkomna opinberun, heldur sem eina hlíð á opinberun. Hún segir að kristindóminn hafi í byrjun tekið á sig myndir, sem hafi átt við þarfir tímans þá, en eigi ekki við nú á tímum. Og jafnvel þó að kristindóminn væri losaður við allar kenningar, sem áður hafa átt við, en eiga ekki við nú, er engin ástæða til að ætla, að hann sé síðasta opinberun guðs til mannanna.

Sir Arthur Conan Doyle, sem er nafnkendur spiritisti, var áður kaþólskur. Aðalatriði trúarbragða hans er vissan, sem hann segist hafa fengið um líf eftir dauðann, og er hún svo vel kunn, að óþarfi er að fara fleiri orðum um hana.

Phillips Oppenheim segist hafa trú fjóðans — lotningarfulla óvissu viðvíkjandi hinni óráðnu gátu lífs og dauða, en löngun til þess að lífa daglegu lífi með þeirri trú, að í öðrum mönnum felist neisti guðdómsins, sem sé svo erfitt að finna annarsstaðar.

MacKenzie, sem er kaþólskur, segir, að hefði hann ekki verið það fyrir heimsófririnn, þá hefði hann orð-

ið það eftir hann; því að kirkjan*) ein hafi varðveitt réttýni í því jarðneska æði.

Beresford leggur áherzlu á sjálfsafneitun sem mjög mikilsvert atriði í öllum trúarbrögðum, og í hans augum er sjálfsafneitun aðalatriði trúarinnar.

H. de Vere Stackpoole segir, að kirkjan hafi mist hald á fólki með fram vegna þess, að ógnir vitis séu ekki prédikaðar nú sem fyr. En þó að margir séu lausir við hræðslu-trúna, hafi ný trú komið í hennar stað, sem kenni okkur að guð sé til. Samt getum við ekki gert okkur grein fyrir guði. Hugmyndir manna um guð sem persónulega veru — einskonar æðstaprest, útbúinn með eiginleikum dómara, skólakennara og kærleiksriks föður — segir hann að sé orsök þess, að margir hafi hætt við trú feðra sinna og hallast að skynsamlegri skoðunum. Hin beztu guðsdýrkun er falin í því, að stunda hið góða og forðast hið illa eftir mati.

Israel Zangwill segir að lífið sé bæði raunalegur og broslægur leyndardómur; annað líf sé óhugsandi, en ekki þar fyrir ómögulegt.

Henry Arthur James tekur sér í munni orð úr kvæði eftir Mathew Arnold, sem eru á þessa leið: "Óttast ekki. Lífið er nægt starfssvið fyrir mannlega krafta. En sökum þess að hið illa er alstaðar, ger þér eigi of háar vonir; þótt þú megir ei láta þig dreyma, þarftu ekki að órvænta."

Það sem maður fyrst rekur augun í, við að lesa svör þessara tíu rithöfunda, er, að enginn þeirra, að einum undanteknum, MacKenzie, virðist fylgja gömlu rétttrúnaðarstefnunni; hann segist fylgja kaþólsku kirkjunni. Hinir allir eru, að meira eða minna leyti, fallnir frá rétttrúnaðinum, eftir því sem sýnir verður á svörum þeirra. Þeir minnast ekki með einu orði á höfuðatriðin í kenningum kristnu kirkjunnar, svo sem friðþægingu, guðdóm Krists, réttlætningu af trú, náðarmeðul eða neitt þesskonar. Í festum orðum sagt, er þetta þrennt að finna í svörum þeirra: guðstrú, yfirburði siðferðiskenninga Jesú, og að annað líf eftir þetta sé að líkindum til.

Það hefir verið fundið að svörum þessum, að þau séu óljós. G. K. Chesterton, sem sjálfur er nafnkendur rithöfundur, segir, að þau séu óákveðin og að vafasamt sé, hvort að þessir gáfufu samtíðarmenn sínir viti sjálfir, hverju þeir trúu. Fínt honum undarlegt, að menn, sem geti með mestu nákvæmni lýst sálarlífi persónanna í skáldsögum sínum, skuli ekki geta lýst því, sem í þeirra eigin hugum býi. Þá hafa ýms kirkjublöð á Englandi ráðist á höfundana fyrir vantrú þeirra, og leitað álits annara manna, sem eru vel þekktir á öðrum sviðum, og birt þau, að því er virðist, til þess að rýra gildi ummæla rithöfundanna. Þannig hefir t. d. forstöðumaður stórrar klæðaverzlunar látið þá skoðun í ljós, að velferð manna sé í veði, nema að öllu, sem stendur í biblíunni, sé trúað; og fleiri stórnáðarhöldar hafa látið í ljós skoðanir í trúmálum, sem eru af sama tei og skoðanir Bryans sál og annara fundamentalista.

Sú spurning kemur auðvitað upp við ihugun þessara svara, hvort skáld sagnahöfundar hafi nokkurt meira vit á trúmálum en aðrir menn. En áður en leitast er við að svara henni, verður að gera grein fyrir, í hverju það sé fólgið að hafa sérstakt tit á trúmálum.

Trúarbrögðin, hverju nafni sem þau nefnast, mynda einn þáttinn í andlegu lífi mannkynsins. Þau má rannsaka og bera saman rétt eins og hvað annað, sem menn hafa hugað og hafst að. Rannsókn á þeim er söguleg og vísindaleg, og að sjálf-sögðu geta ekki nema fáir gefið sig við henni. Frá sjónarmiði vísindalegra rannsókna eru trúarbrögð Hotentottanna í Afríku eins merkileg og trúarbrögð Parsanna á Indlandi, og er þó feykilegur munur á þeim. Vísindaleg rannsókn á trúarbrögðum, sem öðru, fast aðeins með því að aðgreina staðreyndir og verðmæti. Andleg og siðferðileg verðmæti trúarbragða eru afar mismunandi, en þegar um vísindalega rannsókn er að

*) A það ekki að vera kaþólska kirkjan? — Ristj.